

## GJALDSKRÁ

**fyrir Vatnsveitu Stykkishólms.**

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Stykkishólms er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,27 hundraðshlutar af fasteignamati, sbr. A-flokk.

Vatnsgjald er 0,44 hundraðshlutar af fasteignamati af öðru húsnæði.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 18 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla er kr. 11.804 á ári.

Gjalddagar leigugjalds eru þeir sömu og við innheimtu aukavatnsskattsins sjálfs, nú fjórum sinnum á ári. Leigugjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

4. gr.

Stofngjald vatnsveitu kr. 36,78 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Gjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

5. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Þannig staðfest á fundi bæjarstjórnar Stykkishólms, 11. apríl 2001.

*Stykkishólmi, 20. apríl 2001.*

**Óli Jón Gunnarsson** bæjarstjóri.